

Góða kvöldið.

Ég heiti Linda Björg Perludóttir og er nefndarkona í orlofsnefnd FOSS, með mér í nefndinni er Ásta Kristjana Jensdóttir og Vaka Rúnarsdóttir. Einnig situr starfsmaður FOSS fundina.

Samstarf FOSS við Starfsmannafélag Vestmanneyja um orlofsmál hélt áfram á síðasta ári. Stavey á eina íbúð í Kópavogi, eitt sumarhús í Munaðarnesi og eitt sumarhús á Eiðum.

Á Akureyri á FOSS eina íbúð við Kjarnagötu. Félagsmenn eru almennt mjög ánægðir með íbúðina. Auk þess sem ákveðið var að leigja sumarhús á Blönduósi síðasta sumar.

Húsið í Munaðarnesi hefur verið vinsælt hjá félagsfólki og við hvetjum félaga til að kynna sér það sem vesturland hefur upp á að bjóða fyrir ferðalanga.

Skógarselið er vinsælasti bústaður í eigu FOSS. Er bústaðurinn mikið notaður yfir sumarið og helgarnar eru fullbókaðar yfir vetratímamann. Við minnum á að klappara eru staðsettir utandyra. Þá á að nota ef upp kemur sinueldur á svæðinu. Félagsmenn þurfa alltaf að hafa öryggi sitt í fyrirrúmi. Ekki leggja sig í hættu fyrir húsið. Það fæst bætt en líf og heilsa ekki.

Við viljum minna á að það er hægt að fá afsláttarmiða á skrifstofu FOSS í Skógaböðin á Akureyri og í Kraumu í Borganesi. Auk þess sem félagar í FOSS fá 15% afslátt í Vök Baths við Egilsstaði. Í vetur bættist Laugarás Lagoon, þar fá félagsmenn FOSS 25% afslátt. Við vonumst til að ná áframhaldandi samningum við Laugarás Lagoon. Nánari upplýsingar um afsláttinn í böðin er hægt að fá hjá Raket og Árnýju á skrifstofu FOSS.

Mikil aðsókn er í íbúðirnar í Reykjavík allan ársins hring. Var í vetur stóðu yfir viðgerðir á þaki og gluggum á Klapparstíg auk þess sem húsið var málað að utan.

Í haust var gegnið frá kaupum á sumarhúsi á Minni-Borg og er áætlað að FOSS fái húsið afhent á haustdögum. Það verður spennandi að geta boðið félagsfólki FOSS upp á leigu í nýju glæsilegu húsi með heitum potti. Húsið er með tveim svefnherbergjum, tveim baðherbergjum, stofa og eldhús í sameiginlegu rými.

Við ítrekum að félagsmenn skilji við íbúðina eins og þeir vilja taka við henni. Muna eftir smáum hlutum eins og að henda poka úr kaffivél, tæma rusl við brottför. Vegna þess höfum við útbúið tékklista sem félagsmenn geta haft til hliðsjónar þegar þrifið er.

Í þeim tilfellum sem aðkoman er það slæm að félagsmaður getur ekki verið í íbúðinni, þá taki félagsmaður myndir og sendi félaginu. Þá fer málið í ferli samkvæmt upplýsingum á húsaleigusamningi.

Þeir sem vilja kaupa þrif þá eru símanúmer og netföng hjá aðilum sem bjóða upp á **Burtfarabrif** á leigusamningnum. Er þessi þjónusta nú þegar í boði í Skógarseli og í íbúðunum í Reykjavík. Símanúmer og tölvupóstur þessa aðila kemur fram á samningnum. Er þetta á kostnað þess félagsmanns sem leigir húsnæðið.

Við hvetjum félagsmenn að lesa vel yfir leigusamning og skilyrði á gjafamiðum sem keypt eru í gegnum Orlofsvef félagsins. Þar er heilmikið af upplýsingum sem nauðsynlegt er að hafa þegar farið er af stað í frí.

Það er enn þá þannig að Veiðikortið er ekki rafræn heldur eingöngu til sölu á skrifstofunni. Þeir sem ekki komast á skrifstofuna á opnunartíma geta hringt í Árný og Rakel eða sent þeim tölvupóst og fá aðstoð við kaupin. Nú er hægt að fá Útilegukortið rafrænt á Orlofsvefnum og fyrir þá sem vilja plastkortið þá er það en til sölu á skrifstofu FOSS.

Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi orlofsmál þá bendi ég ykkur á að hafa samband við skrifstofu FOSS, stelpurnar þar eru alltaf til í að hjálpa ykkur með orlofsmálin.

Takk fyrir mig og eigið gott kvöld.